

Starfsáætlun Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2019

Aðalfundur European Fellowship of Christian Youth

ÆSKP mun halda aðalfund EF að þessu sinni í Háteigskirkju í Reykjavík. Fundurinn verður haldin 29.- 31. mars. Fulltrúar á fundinum eru tveir fulltrúar úr stjórn aðildarfélagana, okkar fulltrúar verða framkvæmdastjóri og formaður ÆSKP.

Easter Course

Í ár verður Easter Course haldið af Europea Fellowship í Llanbedr í Wales í 14.-21. apríl og mun ÆSKP senda fimm þátttakendur á námskeiðið. Þátttakendur eru á aldrinum 18-25 ára og hvetjum við ykkur til þess að taka þátt eða senda ungleiðtoga á ykkar vegum.

Kirkjuþing unga fólksins

ÆSKP hefur sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu og verður svo aftur í ár. Verkefnastjórar í ár verður Ása Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Kjartansson.

Gleðigangan

ÆSKP ætlar að taka þátt í gleðigöngunni aftur, það er gaman og gefandi að ganga undir borða sem verður merktur ÆSKP og erum við fulltrúar Þjóðkirkjunnar í göngunni. Viðburðurinn verður kynntur betur þegar nær dregur.

Landsmót

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Það hefur verið ákveðið að landsmót 2019 verði haldið í Ólafsvík í október. Verið er að gaumgæfa nákvæma tímsetningu með tilliti til veðurskilyrða og skráningar. Undirbúningur er á byrjunarstigi.

Námskeið;

Ákveðið hefur verið að halda *Verndum þau* námskeið í haust í samstarfi við Fræðslusvið Biskupsstofu og ÆSKR.

Samstarfsvettvangur ÆSKP, ÆSKR, Kjalarnesprófastdæmis (ÆSKK), Biskupsstofu og KFUM/K hefur verið endurvakin og munum við halda haustnámskeið í því samstarfi í haust, efni námskeiðisins hefur ekki verið ákveðið.

Þá munum við haldið áfram aðkomu okkar að *Farskólia leiðtogaefna* sem hefst aftur í haust á Suðvesturhorninu.